

Mál nr. 384/2009

M og Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar I

Kona datt á gólfi á vinnustað og slasaðist þ. 17.10.2005.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.11.2009 ásamt fylgiskjölum 1-8.
2. Bréf V dags. 19.11.2009

Málsatvik.

M vann hjá fyrirtækinu I við skrifstofustörf. Gagngerðar breytingar höfðu verið gerðar á húsnæðinu þar sem M vann en hún þurfti að fara á hverjum degi frá því sem hún segir að hafi verið bráðabirgðavinnusvæði hennar yfir í annan enda hússins og þá þurfti hún að ganga í gegn um vinnusal og segir M að henna hafi skrið fótur undan bletti vegna hreinsiefna sem notað var í þessum vinnusal. M fell á vinstri hnéð og lærleggsbrotnaði. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu I hjá V og telur að vinnuástaða hennar hafi verið óforsvaranleg og því beri I ábyrgð skv almennu skaðabótareglunni. Þá vísar M til laga nr. 46/1980 u mæðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum einkum 42.gr og 43.gr. sbr. 2.tl.3.gr. reglugerðar nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Innkaupa- og verslunarstjóri hjá I á þeim tíma þegar slysið varð segir í yfirlýsingu að M hafi þurft að fara í gegn um þann sal daglega vegna vinnu sinnar þar sem hún datt. Hann segir enfremur að gólfið í salnum hafi iðulega verið mjög hált og eftir slysið hafi verið sett um skilti í salnum sem tilkynnti að gólfið væri hált og skömmu seinna hafi verið stofnaði öryggisráð í fyrirtækinu. Samstarfskona M segir í yfirlýsingu sinni að M hafi þurft að fara í gegn um salinn þar sem hún slasaðist vegna vinnu sinnar og hafi það skapað hættu að fara í gegn um salinn þá hafi það verið eitthvað sem engin hugsaði um áður en M slasaðist. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ósannað sé að hálkublettur hafi myndast á umræddu gólfi og M hafi stigið í hann. Þá bendir V á að plastmottur hafi verið á gólfi salarins til varnar því að hálkublettir mynduðust. V bendir á að yfirlýsingar samstarfsfólks M séu gerðar löngu eftir að slysið átti sér stað. Þá bendir V á að verði ekki fallist á að sök vátryggingartaka eða samstarfsmanna han sé ósönnuð í málinu og atvikið þar af leiðandi ekki bótaskyld, þá sé því haldið fram að M beri sjálf nokkra eigin sök á því hvernig fór. Í því sambandi bendir V á að M hafi ítrekað farið þessa leið og hafi því átt að þekkja aðstæður og þá starfsemi sem þar fór fram.

Álit.

Telja verður sannað af framlögðum gögnum málsins að M hafi dottið á hálkubletti sem myndaðist vegna þeirrar vinnu sem unnin var í vinnusalnum þar sem M þurfti að fara um. Tveir starfsmenn I hafa gefið yfirlýsingar og hjá þeim báðum kemur fram að umrætt gólf gat verið hált. Fallast verður því á það með M að vinnuáðstæður þær sem hún þurfti að búa við hafi verið ófullnægjandi og getað verið hættulegar. Af þeim sökum þykir M eiga rétt á bótum vegna slyssins sem hún varð fyrir. M þekkti aðstæður og mátti vita að hálkur gat myndast á umræddu gólfi og þykir hún ekki hafa gætt að sér sem skyldi í umrætt sinn og verður því að bera hluta tjónsins sjálf vegna eigin sakar og þykir því rétt að M beri 1/3 tjónsins vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu I hjá V en ber 1/3 hluta tjónsins sjálf vegna eigin sakar.

Reykjavík 8.11. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.